



HGK2A05 Hreyfigrafík í kvikmyndun

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennari/kennarar:

Kristín María Ingimarsdóttir

Netfang/netföng:

kristin.ingimarsdottir@borgo.is

LÝSING

Í áfanganum eiga nemendur að geta nýtt sér tækni í gerð hreyfimynda með aðstoð helstu myndvinnsluforrita til að vinna verkefni sem byggja á eigin hugmyndavinnu. Mikilvægt er að rannsaka umhverfi sitt og þróa bæði hugmyndir og verkferli. Nemandi á að geta bæði rökstutt og skilgreint sín verk og annarra. Kennari aðstoðar nemendur í vinnslu og sýnir mismunandi sýnishorn. Kennari ýtir undir sjálfstæð og skapandi vinnubrögð og hvetur nemendur til að vera óhrædda að prufa sig áfram.

MARKMIÐ (þekking, leikni, hæfni):

ÞEKKING

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- Kvikun og hvernig hreyfing í kvikun er hugsuð og búin til
- Helstu forritum sem notuð eru í tvívíðri hreyfigrafík, After Effect / Photoshop / Illustrator
- Framsetningu á hreyfigrafík með forritunum, áhersla lögð á After Effect
- Umhverfis- og myndlæsi á nánasta umhverfi og í víðara samhengi
- Sögulegt samhengi á hreyfigrafík og mikilvægi þess í samfélagi okkar
- Vera ábyrgur í framsetningu á eigin efni
- Fagurfræði í eigin verkum og annarra

LEIKNI

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða og rannsaka umhverfi sitt og nota mismunandi efnivið til að búa til hreyfigrafík
- Notað og sett fram eigin hugmyndir og hönnun með stafrænum forritum. AE, PSD og AI
- Nota hreyfigrafík og myndmáli í framsetningu efnis
- Vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn
- Vinna út frá eigin hugmyndum og koma þeim á framfæri á ábyrgan og gagnrýnan hátt

HÆFNI

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað og:

- Nýtt efnivið úr umhverfi sínu á ábyrgan hátt og tengt við nær- og fjærumhverfi
- Notað hreyfigrafík á persónulegan og skapandi hátt
- Fjallað um og sett verk sín og samnemenda sinna og sett þau í sögulegt samhengi
- Unnið sjálfstætt og nýtt myndmál til að miðla hugmyndum sínum

- Metið og rökstutt lærdómsferlið og þannig lagt grunn að flóknari og fjölbreyttari viðfangsefnum seinna meir

NÁMSMAT

Leiðsagnarnamat, verkefnamat

- Verkefni. Bæði vinnuferli og lokaverk / myndbönd eru metin. **85%**
- Kynning á aðferð / listamanni (animator) eða fyrirtæki sem vinnur í hreyfimyndagerð **15%**

- 20 % Verkefni 1. After Effect grunnur / tækniæfingar
- 20 % Verkefni 2. Maskar. Effektar og 3D (Blender)
- 10 % Verkefni 4. Kynning á listamönnum / verkum / aðferðum
- 20 % Verkefni 5. Texti og titlar / After Effect
- 30 % Verkefni 6. Lokaverkefni / Stuttmynd eða titlar og grafík fyrir kvikmynd

100 % samtals

AÐRAR MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR

Kennslufyrirkomulag - kennsluaðferðir:

Verkefnamiðað nám sem byggir á fjölbreyttum kennsluaðferðum, verkefnum, umræðum og framsetningu á verkum.

Kennari: Kennari er með innlagnir og kynnir aðferðir í tvívíðri hreyfigrafík og vinnslu After Effect forritsins. Sýnishorn af mismunandi verkum sýnd til að útskýra mismunandi aðferðir. Áhersla lögð á umræður og virkni í tíma. Kennari leiðbeinir og aðstoðar nemendur í ferlinu og ýtir undir tilraunir. Í lok hvers verkefnis fara bæði kennari og nemendur yfir verkefni. Kennsluaðferðir sem hentar í þessu verkefni er í senn verkleg kennsla og lögð er áhersla á sjálfstæði og sköpun.

Nemendur: Nemendur þurfa að skilja og tileinka sér grunnhugmyndir sem búa á bak við hvernig hreyfing er búin til með stafrænum miðlum. Notast er við After Effect, Photoshop og Illustrator forritin og lagðar fyrir æfingar sem og unnið að stærra verki. Nemendur eru hvattir til að vinna út frá eigin reynslu og hugmyndum og útfæra á persónulegan hátt.

Áhersla er á einstaklingsvinnu en þó má vinna í hópum þegar það á við. Lögð er áhersla á skapandi vinnubrögð, að hver og einn þrói sinn stíl og hugmyndir og nemendur hvattir til að vera óhræddir við að gera tilraunir.

NÁMSGÖGN

After Effect, Photoshop og Illustrator forrit, myndbönd/netið, tölvur og efni úr umhverfinu.

| Vika | Dags. | Námsþættir | Námsmats- þættir |
|------|----------------------|--|--|
| 1 | 18.-20. ágúst | Kynning á áfanga og verkefnum annarinnar 1. After Effect forritið, grunnur / stuttar æfingar .(20%) Upprifjun á grunnreglum í hreyfimyndagerð – æfingar, loops og nesting. | Kynning / Tækniæfingar / Verkstæði |
| 2 | 23.-27. ágúst | Farið yfir grunnatriði í After Effect: | Tækniæfingar / Verkstæði |
| 3 | 30. ág.- 3. sept. | Verkefnatímar. | Tækniæfingar / Verkstæði |
| 4 | 6.-10. sept. | Frágangur / yfirferð 1. Verkefni í AE - Skil í lok þessarar viku. Samsetning frágangur. Kynna vinnuferli og sýna myndband. | Verkstæði / Frágangur Skil / 20% |
| 5 | 13.-17. sept. | 2. Alpha Maskar, Auto Trace, fleiri effektar og 3D. (20%) | Kynning / Verkstæði |
| 6 | 20.-24. sept. | Verkefnatímar. Varða 1 | Verkstæði Varða I |
| 7 | 27.sept- 1. okt. | Verkefnatímar. 3. Kynning á listamanni/animation stúdíói eða aðferð. (10%) Ákveða verkefni – skil í lok 46. viku (11.-15. Nóvember) | Skipulag/ Verkstæði |
| 8 | 4.-8. okt. | Frágangur / yfirferð 2. Alpha Maskar Auto Trace of fl. effektar - Skil í lok þessarar viku. Klára verkefni. Samsetning frágangur. Kynna vinnuferli og sýna myndband. | Verkstæði Skil / 20% |
| 9 | 11.-15. okt. | 4. Texti / Titlar í After Effect . (20%) Kynning / Verkefnatími / Hugmyndavinna, byrja að vinna og plana | Kynning / verkstæði |
| 10 | 18.-21. okt. | Verkefnatími | Verkstæði Hausthlé 22.- 25. okt. |
| 11 | 26.-29. okt. | Verkefnatími 4. Texti / Titlar í After Effect - skil / stöðumat í lok þessarar viku. Klára verkefni. Samsetning frágangur. Kynna vinnuferli og sýna myndband. | Verkstæði Skil / 20% |
| 12 | 1.-5. nóv. | 5. Lokaverkefni (30%) Gera stutta hreyfimynd eða titla og grafík fyrir kvikmynd (1-5 mín. löng.) | Verkstæði Varða II |
| 13 | 8.-12. nóv. | Verkefnatímar. 3. Kynna listamann eða/og aðferð. Einstaklingsverkefni. | Verkstæði Skil / kynning í tíma / 10% |
| 14 | 15.-19. nóv. | Verkefnatímar. | Verkstæði |
| 15 | 22.-26. nóv. | Verkefnatímar. | Verkstæði |
| 16 | 29. nóv. -3. des. | Verkefnatími / frágangur, hafa titla og verkefnið hjóðsett fyrir lokakynningu | |
| 17 | 6.-10. des. | 5. Kynning og sýning á lokaverkefni. | Skil / 30% Kennslu lýkur |
| 18 | 13.-17. des. | Einkunnaskil | Varða III |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.